

Tillaga
Afgreiðsla

A 1948/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um lög um skipaskemmtiferðir

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að útbúa heildstæða norræna áætlun um takmörkun á sjálfbærar og losunarlausar siglingar skemmtiferðaskipa á Norðurlöndum.

að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um strangara regluverk í kringum sjálfbæra og losunarlausu umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðinu.

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að NNorræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum

að kortleggja áhrif skipaskemmtiferða á umhverfi og samfélög á Norðurlöndum, með sérstaka áherslu á norðurskautssvæðin.

að rannsaka hvaða afleiðingar umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðum hafa á öryggi og viðbúnað.

Bakgrunnur

Skemmtiferðaskip er einn af þeim ferðamátum sem hefur hvað mesta mengun og losun gróðurhúslofttegunda í för með sér. Á sama tíma verða til áskoranir hvað varðar samfélög og heilsu og hefur takmarkaðan efnahagslegan ávinning fyrir nærsamfélögin samanborið við aðrar tegundir túrisma. Á norðurskautssvæðum munu skipaskemmtiferðir að öllum líkindu aukast verulega á næstu árum þar sem loftslagsbreytingar hafa það í för með sér að hafís bráðnar á siglingaleiðum á norðurskautssvæðum sem veitir þannig möguleika á aukinni skipaumferð.

Aukin umferð skemmtiferða á viðkvæmum svæðum á borð við norðurskautssvæðin mun hafa áhrif á öryggismál, umhverfi og samfélög. Áskoranir tengdar öryggi skipaskemmtiferða urðu áberandi í Noregi árið 2019 þegar skemmtiferðaskiptið Viking Sky strandaði með 1373 farþega innanborðs sem flýja þurftu skip. Í kjölfra þess atburðar



kom norska ríkisstjórnin kom á nefnd um málefni skipaskemmtiferða sem nýlega skilaði skýrslu. Í skýrslunni er fjallað um þörfina á skýru regluverki um umferð skemmtiferðaskipa þar sem viðbúnaðaraðilar í Noregi eru ekki í stakk búinir til að takast á við alvarlega atburði. Hættan á slysum eykst samhliða aukinni umferð og hættan á tjóni eykst á afskekktari svæðum þar sem viðbúnaðargeta er takmörkuð.

Í skýrslu NINA um ferðapjónustu á Svalbarða og norðurskautssvæðinu kemur fram að kunnáttu skortir um vistfræðileg áhrif ferðalaga um viðkvæm svæði og að þekkingarskortur sé um mögulegar afleiðingar af aukinni umferð skemmtiferðaskipa við Grænland.

Enn fremur sýnir nýlega birt rannsókn að skipaskemmtiferðir halda áfram að hafa neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu verði ekki böndum komið á þennan iðnað bæði á landsvísu og í alþjóðlegu tilliti.

Það eru því sterk rök fyrir því að koma á sameiginlegri norrænni áætlun til að takmarka skipaskemmtiferðir á Norðurlöndum, sérstaklega á viðkvæmum svæðum, þar sem umhverfis- og öryggistengdir áhættuþættir geta haft hörmulegar afleiðingar í för með sér. Á Framtíðarsýn okkar 2030 koma fram markmið um að „beita sér fyrir þróun ferðapjónustu á Norðurlöndum“. Ef Norðurlönd eiga að þróast sem sjálfbær áfangastaður ferðafólks er mikilvægt að hafa markmið um að búa í haginn fyrir ferðapjónustu með lítið kolefnisspor sem hefur í för með sér bæði virðissköpun og atvinnusköpun á hverjum stað.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin veitir því athygli að skipasiglingar á alþjóðlegum hafsvæðum, þar á meðal á norðurskautssvæðinu, falla í dag undir regluverk Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Pólkóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar inniheldur reglur um verndun viðkvæmrar náttúru á norðurskautssvæðinu og kveður á um kröfur fyrir smíði, stöðugleika o.s.frv. fyrir viðkomandi skip. Pólkóðinn setur þó ekki kröfur um koldíoxíðslosun, bannar ekki notkun svartolíu (HFO) og bregst ekki við vanda neðansjárhávaða sem hefur m.a. mikil áhrif á sjávarspendýr. Hér má finna yfirlit yfir hvaða umhverfisþættir falla undir Pólkóðann: [How the Polar Code protects the environment \(English infographic\).pdf \(imo.org\)](#).

Nefndin undirstrikar að náttúru- og dýralíf norðurskautssvæðisins er einstakt og viðkvæmt. Það er vegna þess að vistkerfin þar eru aðlöguð að lágu hitastigi norðurskautssvæðisins. Hnattræn hlýnun hefur í för með sér æ stærrí íslaus hafsvæði yfir sumarið, en minni dreifing hafsís getur haft mikil áhrif á lífsskilyrði og útbreiðslu tegunda sem lifa í umhverfi hafísa. Lengri tímabil með opnum hafsvæðum hafa í för með sér aukna starfsemi á borð við skipasiglingar á svæðum sem áður var ekki hægt að



sigla, auk þess sem aukin nýting hráefna, fiskveiðar og ferðapjónusta hafa í för með sér hættu á mengun og óhöppum.

Í umræðum um þingmannatillöguna þann 14. mars 2023 kom fram að Norræn vinstri græn styðja tillöguna. Flokkahópur hægrimanna lýsti yfir stuðningi við málslið um sameiginlega stefnumörkun en lýsti sig andsnúinn fyrsta málslið þar sem hann varðaði innanríkismál. Hópurinn óskaði eftir því að vísað yrði til „losunarlausna“ skipaskemmtiferða í vinnu að nýrri norrænni áætlun.

Flokkahópur jafnaðarmanna taldi að ákvarðanataka varðandi stefnu um siglingar skemmtiferðaskipa ætti að vera í höndum hvers lands fyrir sig og að tillagan ætti að nýtast öllum Norðurlöndunum. Norrænt frelsi styður ekki frekari meðferð tillögunnar þar sem flokkurinn vill fremur skoða aðra samgöngumáta og telur ekki að takmarka þurfi skipaskemmtiferðir frekar eða setja frekari reglur um þær.

Flokkahópur miðjumanna vakti athygli á mikilvægi þess að umskipti norræns skipaflota í átt að aukinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi og lagði til að nefndin hafi í vinnu sinni að tillögunni samráð við Alþjóðasiglingamálastofnunina, starfshóp Norðurskautsráðsins og Arctica um tillöguna. Norræn vinstri græn voru hlynnt því að kanna afleiðingar tillögunnar, vöktu athygli á því að takmörkun skipaskemmtiferða sé innanríkismál og lögðu til að við frekari afgreiðslu tillögunnar verði skoðað nánnar hvaða losun fellur undir hana.

Það var vandkvæðum bundið fyrir Norrænt frelsi, flokkahóp jafnaðarmanna og flokkahóp hægrimanna að styðja málsliðinn um takmarkanir siglinga skemmtiferðaskipa, og flokkahópur jafnaðarmanna lagði því til að skipta út takmörkunum fyrir sjálfbærar siglingar skemmtiferðaskipa. Flokkahópur hægrimanna studdi þá tillögu.

Þar með samþykkti nefndin álitid um þingmannatillöguna.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Johan Andersson (S)
Tove Elise Madland (A)
Mats Wiking (S)
Per Husted (S)
Ola Elvestuen (V)
Rebecka Le Moine (MP)
Bella Forsgrén (gröna)

Simon Holmström (HI)
Ásmundur Friðriksson (Sj.)
Heikki Autto (saml)
Mariane Paviasen (IA)
Marianne Bigum (SF)
Staffan Eklöf (SD)
Himanshu Gulati (FrP)